

## **Fundargerð**

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 14. desember 2022

**Mætt:** Aldís Rún Lárusdóttir, Aðalsteinn Möller, Helga Guðný Sigurðardóttir, Indriði Ingi Stefánsson, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen, Súsanna Pétursdóttir, Þorleif Kristín Hauksdóttir..

**Fjarverandi:** Ragna Finnbogadóttir

### **1. Fundagerð seinasta fundar.**

Engar athugasemdir.

### **2. Samkóp og fræðsla fyrir bekkjarfulltrúa.**

Súsanna mætti á Teams fund Samkóp. Fundurinn var fjölmennur, næsti fundur á nýju ári, fólk deildi reynslu af foreldrarölti þvert á skóla, lögreglan var með á fundinum.

Kristjana og Rikke stefna á að fá fræðslu fyrir bekkjarfulltrúa í janúar/febrúar. Góð reynsla af slíkri fræðslu

### **3. Foreldraröltið.**

Sent út á hverjum fimmtudegi/föstudegi til að minna á skráningu í röltið. Yfirleitt vel mannað og 7.bekkur byrjaði af krafti.

Aðalsteinn kannar hvort hægt sé að geyma rölttösku á Mossley og með afsláttarkjör

### **4. Innheimta og styrkbeiðnir.**

Komnar nokkrar styrkbeiðnir frá bekkjarfulltrúum. Mikilvægt að það komi fram bankaupplýsingar.

Upphæðir eru 10 þús á bekk eða 30-40 þús á árgang. Verður farið í að afgreiða.

### **5. Samstarf stjórnar við Ekkó**

Áhugaverð fræðsla með Siggú Dögg fyrir foreldra (og unglingana sér). Maríanna í Ekkó hefur áhuga á samstarfi en hún er farin í fæðingarorlof. Væri gaman að bjóða fulltrúa Ekko á fund. Það var opinn dagur hjá Ekkó sl. haust en hann var illa sóttur.

### **6. Stafrænt ofbeldi og einelti**

Kristjana mætti á fræðslu um einelti og netnokun barna. Mjög áhugavert. Mikilvægt að leiðir til að tilkynna svona sé ljósar.

### **7. Taflborð.**

Indriði hefur verið í sambandi við fulltrúa skakstyrktatsjóðs. Úthlutun í mars. Umsókn skal fylgja rökstuðningur, og lýsing.

Taflborðin sem átti að kaupa virðast vera ófáanleg. Ræðum við Björgu um taflborðin í janúar.

## 8. Önnur mál.

- Margar kvartanir borist vegna matar. Ekki nægur matur þegar matur er sem börnunum finnst góður. Einhverjir gefist upp og hætt í mataráskrift. Foreldrafélagið spyr skólann út í þetta. Helga Guðný kannar.
- Jólaföndur gekk vel, komum út á núlli. Það var hægt að skila óseldu föndri. Kaffisala 10.bekkar gekk líka vel þó var smá vesen með rafmagn sem m.a. sló mikið út. Þurfti rafvirkja, ekki greiður aðgangur að töflu. Yngsta stig á að sjá um jólaföndirð en mæting var frekar takmörkuð í aðstoðina. Foreldrafélagið skoðar kaup á peningaskúffu.

Ýmisleg til minnis fyrir næsta jólaföndur:

- Tekur lúmskan tíma að setja pappírsdúka á borðin.
  - Væri mögulega sniðugt að gera jólaföndursnefnd.
  - Verðlagning á styttum var ekki endilega eftir stærð, mögulega endurskoða.
  - Vantaði fólk til að ganga frá, væri jafnvel sniðugt að hafa skipulag þannig að 1.-2.bekkur undirbýr og 3 -4. bekkur gengi frá.
  - Bjóða næst uppá Aur greiðslu og millifærslu.
  - Festa dagssetningu snemma og jafnvel fá hana inn á skóladagatalið.
- Stefnt að því að bjóða Björgu skólastjóra á næsta fund, í janúar 2023.

Fundarritari: Aldís